

Alþingi
Erindi nr. P 139/1633
komudagur 9.3.2011



Nefndasvið Alþingis, samgöngunefnd
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. mars 2011
Tilvísun: 2011020033
HrH/EBj,APÁ/BH
Tilv. ykkar: Tölvupóstur dags. 21.02.11

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, 386. mál og um Farsýsluna, stjórnarsýslustofnun samgöngumála, 385. mál.

Með tölvupósti dags. 21.02.2011 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreind frumvörp.

Ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarp til laga um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála.

Við frumvarp til laga um Farsýsluna, stjórnarsýslustofnun samgöngumála, eru gerðar athugasemdir við 5. gr. og umfjöllun um þá grein í athugasemdum með frumvarpinu.

Lagt er til að í stað 2.mgr. 5. gr. „Stofnunin annast öryggisúttekt á samgöngumannvirkjum“ komi setningin „Stofnunin annast úttekt á framkvæmd öryggisstjórnunar samgöngumannvirkja“. Ástæður þess að gerð er tillaga um breytingu á þessari grein eru eftirfarandi:

Í framangreindu frumvarpi til laga um Vegagerðina kemur fram í 8. gr., 2. tölulið, að sú stofnun skal annast framkvæmd öryggisstjórnunar samgöngumannvirkja og samgöngukerfa. Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 2008/96, sem unnið er að innleiðingu á héraendis, skiptist umferðaröryggisstjórnun vegakerfa í 4 meginþætti:

- umferðaröryggismat
- umferðaröryggisrýni
- öryggisröðun og öryggisstjórnun vegakerfa sem eru í notkun
- öryggisúttektir

Með því að nota sama hugtak, öryggisúttektir, í upptalningu á verkefnum Farsýslunnar, og í síðast töldum þætti í öryggisstjórnun sem Vegagerðinni er ætlað að sinna, er hætt við að hlutverk hvorrar stofnunar verði ekki nógu skýrt og jafnvel að um tvíverknað gæti orðið að ræða. Ljóst er að stjórnarsýslustofnuninni, Farsýslunni, er einkum ætlað hvað þetta varðar að hafa eftirlit með að Vegagerðin framfylgi kröfum um framkvæmd umferðaröryggisstjórnunar.

Öryggisúttektir sem hér er rætt um felast einkum í reglubundnum úttektum á vegakerfinu og könnunum á hugsanlegum áhrifum vegavinnu á öryggi umferðar. Í þeim löndum sem nú vinna að innleiðingu framangreindrar tilskipunar eru það framkvæmdastofnanir sem sjá um þessar reglubundnu úttektir og framkvæmd aðgerða til að bæta úr ágöllum, enda fellur það vel að annarri starfsemi og sérfræðipækkingu þeirra stofnana. Stjórnsýslustofnunum er hins vegar ætlað að hafa eftirlit með að úttektirnar séu gerðar í samræmi við kröfur. Lagt er til að texta athugasemda við 5. gr. verði breytt til samræmis við framangreindar skýringar og athugasemdir. Ekki verður annað séð en að síðasta setning í athugasemdum við 5.gr. lýsi hlutverki Vegagerðarinnar á úttektum á vegakerfinu en ekki því eftirlitshlutverki sem eðlilegt er að Farsýslan sinni.

Í samræmi við framangreint er lagt til að eftirfarandi texti verði felldur út úr athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins eða honum breytt til að hlutverk hvorrar stofnunar verði alveg skýrt: „Þá er lagt til í 2. mgr. að stofnunin annist úttekt á öryggisatriðum samgöngumannvirkja sem framkvæmdastofnun á sviði samgöngumála hefur byggt. Felst í slíkri lokaúttekt skoðun á því hvort kröfum, sem stofnunin hefur mælt fyrir um skv. 3. mgr. 4.gr. frumvarpsins, hafi verið fylgt við uppbyggingu viðkomandi samgöngumannvirkis. Það er nýmæli að óháð stofnun framkvæmi slíka úttekt, sem felst til dæmis í því að gera reglubundnar úttektir á vegakerfinu, þar sem gátlistar eru notaðir við að dæma útfærslur sem flestra öryggisþátta, eins og hvernig staðlar eru uppfylltir, umhverfi vega, fláa, yfirborðsmerkingar, vegrið og þess háttar“.

Virðingarfyllst,



Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.